20.tbl.
8. júní. 2022
29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Aðalfundur Hollvinasamtaka Þorgeirskirkju

verður haldinn miðvikudaginn 15 júní n,k kl 20.30 í Þorgeirskirkju

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál
Spjall og kaffisopi
Allir hjartanlega velkomnir.

Stjórnin.

## 17. júní hátíðarhöld á Laugum

**Hátíðarhöldin fara fram á íþróttavellinum og í næsta nágrenni**

**Dagskrá:**
**Kl. 11.00** **Andlitsmálun og blöðrusala í íþróttahúsinu á Laugum**
**Kl. 11:45** **Skrúðganga leggur af stað frá íþróttahúsinu**

**Dagskrá á vellinum:**
**Ávarp fjallkonu**
**Hátíðarræða**
**Leikir og gaman**
**Pylsur, svalar, gos og nammi til sölu**
**Kl. 13.30 Bíósýning**



**ATH. Posi á staðnum.**
**Mætum öll og skemmtum okkur saman.**

**Umf. Efling**

# Frá Sundlaug Stórutjarnaskóla

Sumaropnun sundlaugar Stórutjarnaskóla verður á mánudagskvöldum frá kl. 19:30 – 21:30 og á fimmtudögum frá kl. 16:00 – 18:00.
Sundlaugin verður lokuð frá og með 1. ágúst til og með 18. ágúst.

# Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Sumaropnun Bókasafnsins í Stórutjarnaskóla verður á mánudagskvöldum frá kl. 19:30 – 21:30 og á fimmtudögum frá kl. 16:00 – 18:00.
Síðasti opnunardagur fyrir sumarfrí er 7. júlí.

# ATH !!!

Af gefnu tilefni þar sem óviðkomandi eru farnir að auglýsa og selja aðgang að rúgbrauðholunum í Bjarnarflagi án leyfis landeigenda tilkynnist það hér með að allur rúgbrauðsbakstur í Bjarnarflagi er óheimill frá og með birtingu þessarar auglýsingar án skriflegs leyfis landeigenda Reykjahlíðar.

Landeigendur

# Stórutjarnaskóli í Þingeyjarsveit

**auglýsir eftir kennara á unglingastigi í afleysingar á haustönn**
Viðkomandi þarf að:

- bera virðingu fyrir börnum
- hafa góða samskiptahæfni
- geta m.a. kennt íslensku og náttúrufræði á unglingastigi
- vera sjálfstæður í vinnubrögðum og sýna frumkvæði
- vera stundvís og lausnamiðaður

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilueflandiskóli og leggur áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni. Þá tekur Stórutjarnaskóli þátt í þróunarstarfi með skólum erlendis.

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2022.
Umsóknarfrestur er til 20. júní 2022.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi



U. M. F.
BJARMI
FNJÓSKADAL
1908

# Bjarmafréttir!
# Sumar 2022

**Leikjanámskeið** verður á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00 - 18:30 á Bjarmavelli fyrir 5 - 12 ára börn. Fyrsta skiptið 6. júní og síðasta 28. júlí.

**Fótbolti** er á fimmtudags- og sunnudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli, fyrir 12 ára og eldri.

**Vinnukvöld** verður á Bjarmavelli þriðjudagskvöldið 21. júní kl. 19:30 Formenn nefnda beðnir að mæta kl. 20:30 á stuttan fund með stjórn í Bjarmahúsinu.

**Sumarsólstöðuganga Bjarma** verður á Hálshnjúk þriðjudags-kvöldið 21. júní. Lagt verður af stað frá Vöglum 1 kl. 21:30.

**Fjögurraskógahlaup** Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldið 23. júlí. Mæting og mark eru á Bjarmavelli. Sjá nánar á hlaup.is

**Unglingalandsmót** UMFÍ verður haldið 29. júlí - 31. júlí á Selfossi. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sjá nánar á umfi.is og hsth.is

**Landsmót** UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi 24. - 26. ágúst.

Getraunanúmer Umf. Bjarma er **636**

**Bjarmahátíð** verður líklega sunnudaginn **14. ágúst**. Nánar auglýst síðar.

Stjórnin hvetur alla til að hreinsa rusl í nærumhverfi sínu og meðfram vegum. Hreint land fagurt land.

Geymið auglýsinguna

Stjórn Bjarma skipa:

Aðalstjórn:
Birna Davíðsdóttir 8483547
Jón Þ. Óskarsson 8986199
Sigríður Árdal 8486640

Varastjórn:
Þórunn Jónsdóttir
Kristján Jóhannesson
Ketill Tryggvason

**Nefndarskipan Bjarma 2022-2024**

Vallarnefnd:
J. Bjarki Jóhannesson, form.
Steinar Karl
Karl Magnússon

Húsnefnd:
Jón Þ. Óskarsson, form.
Birkir Týr Arnórsson
Vilhjálmur Jón Valtýsson

Ferðaþjónustunefnd:
Hulda B. Kristjánsdóttir, form.
Helen Jónsdóttir
Sigríður Karlsdóttir

Fótboltanefnd:
Hannes H. Sigurðsson, form.
Auðunn Logi Gunnarsson
Hafþór Höskuldsson

Spilanefnd:
Þuríður Davíðsdóttir
Dóra Rún Kristjánsdóttir

Ferðanefnd:
Sigrún Jónsdóttir, form.
Nanna Þórhallsdóttir

Íþróttanefnd:
Úlla Árdal, form.
Berglind Ýr Gunnarsdóttir

Skíðanefnd:
Rúnar Ísleifsson form.
Valbjörn Ægir Vilhjálmsson
Sindri Geir Óskarsson

Ballnefnd:
Sigríður Árdal form.
Gunnhildur W. Björnsdóttir
Erna Sigrún Valgeirsdóttir

Þeir sem ekki geta starfað í nefndum láta formenn nefnda eða stjórn vita. Formönnum nefnda er heimilt að kalla fleiri til starfa en þá sem skráðir eru í viðkomandi nefnd. Starfstími þessara nefnda miðast við 1. júní 2022 til 1. júní 2024.

Stjórn Bjarma



# Fótsnyrting

Fótsnyrting 67 ára og eldri á félags-svæði Kvenfélags Aðaldæla verður í boði félagsins, mánudaginn 13. júní n.k.

Anna Geirlaug og Þórey Aðalsteins verða í Snyrti-pinnanum sem er til húsa á Knútsstöðum í Aðaldal (kjallari - gengi inn að austan).
Pantanir berist til Önnu Geirlaugar í s. 861-3154

Stjórnin.

ÞJÁLFI

## Námskeið í Torfunesi

Þorsteinn Björnsson kemur aftur til okkar dagana 10. og 11. júní og verður með námskeið í Torfunesi.
Verð fyrir 40mín tíma er 11.000kr á mann.
Félagsmenn Þjálfa greiða 7000kr á mann.

Skráning er á helgasigurbj@gmail.com

Kaffi og bakkelsi verður í boði.
Kv Stjórnin

# Íþróttaæfingar á Laugavelli sumarið 2022

| | Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga |
|---|---|---|---|---|
| Kl. 17:00-18:00 | | Íþróttaæfing<br>~10 ára og yngri | | Íþróttaæfing<br>~10 ára og yngri |
| Kl. 18:00-19:30/20:00 | | Frjálsíþróttir<br>~10 ára og eldri | | Frjálsíþróttir<br>~10 ára og eldri |
| Kl. 20:00 | | Frjálsíþróttir<br>Fullorðnir - masters | | Fótbolti<br>~10 ára og eldri |

**Frjálsíþróttamót í sumar:**

- **2.-3. júlí Sumarleikar HSÞ á Laugavelli**
- 9.-10. júlí MÍ 11-14 ára á Akureyri
- 23.-24. júlí MÍ 15-22 ára í Reykjavík
- 29.-31. júlí **Unglingalandsmótið** á Selfossi
- MÍ 30+ á Sauðárkróki 27.-28. ágúst
- og etv. fleira ☺

**Skráð á staðnum. Verð:**

- Íþróttaæfingar 10Y, 12.000 sumarið
- Frjálsíþróttaæfingar 20.000 sumarið
- Fótbolti 6.000 sumarið
- Max 22.500 frjálsar og fótbolti
- Fullorðnir – 0

**Íþróttaæfingar ~10 ára og yngri:**
Blandaðar íþróttaæfingar með leikjum, fótbolta, frjálsíþróttum og e.t.v. fleiru sem okkur dettur í hug. Umsjón Kristján Örn Sigurðsson.

**Frjálsíþróttaæfingar ~10 ára og eldri:**
Frjálsíþróttaæfingar. Umsjón Gunnhildur Hinriksdóttir. Þriðjudagar kl. 18-20, fimmtudagar kl. 18-19:30

**Frjálsíþróttir fullorðnir – masters:**
Hvernig væri nú að koma saman og leika sér á þessum frábæra velli? Umsjón Gunnhildur Hinriksdóttir. Þriðjudagar kl. 20

**Fótbolti ~10 ára og eldri:**
Fótboltaæfingar. Umsjón Stefán Óli Hallgrímsson. Fimmtudagar kl. 20
(minnum á nesti fyrir þá sem taka tvöfalda æfingu á fimmtudögum)

**Æfingar á vegum félagsins eru öllum opnar, óháð félagsaðild**
**Upplýsingar: umfefling@gmail.com, Gunnhildur 694-5244**

---

## Ágætu sveitungar

Við minnum á fyrsta fund sameinaðs sveitarfélags Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps sem haldinn verður í Ýdölum föstudaginn 10. júní kl. 13:00. Dagskrá fundarins verður aðgengileg á heimasíðu Þingeyjarsveitar www.thingeyjarsveit.is og Skútustaðahrepps https://skutustadahreppur.is/ þegar nær dregur.

E-listi, Íbúalisti

Erasmus+

**Hvað er óáþreifanlegur menningararfur og hvernig vinnum við með hann? Tækifæri og áskoranir við þróun framtíðarsýnar**

NICHE

# ÖRNÁMSKEIÐ











Nánari upplýsingar og skráning á www.hac.is og www.nyheimar.is

## 15.JÚNÍ

10:00 - 11:30

Þekkingarnet Þingeyinga

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR